

Nr. 059 / 13 Magnús ÍS 55**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6145
Smíðaður: Hafnarfirði 1980, plast
Stærð: 2,17 brl. 3,71 bt.
Mesta lengd: 7,67 m Skráð lengd: 7,33 m
Breidd: 2,23 m Dýpt: 0,70 m
Vél: Bukh 26 kW 1980
Fjöldi skipverja: 1



Magnús ©Fiskifréttir

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 13. desember 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirprúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 21. maí 2013 var Magnús ÍS 55 á strandveiðum á Ísafjarðardjúpi. Veður: Hægviðri.

Á veiðunum varð báturinn vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Það var Kría ÍS 105 sem dró Magnús ÍS inn til Bolungarvíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að kælivatnsdæla gaf sig. Fram kom hjá skipstjóra að hún hefði verið nýtekin upp og gefið sig í fyrstu ferð;
- að dæluhjólíð í dælunni losnaði á öxlinum og snuðaði;
- að eftir að báturinn var yfirgefinn um kvöldið fór að leka með gúmmíhosu sem liggur á milli botnloka og dælunnar en hún hafði morknað í sundur;
- að sjálfvirk dæla var um borð en skipstjóri var vanur að slá út öllu rafmagni þegar hann yfirgaf bátinn og var hún því óvirk.

Nefndarálit:

Nefndin telur að frágangi á dælunni hafi verið ábótavant.